

JHBS/dk

Reykjavík, 16. október 2012

Stjórn Ákærendafélags Íslands hefur borist til umsagnar, með rafpósti allsherjarnefndar Alþingis, dags. 15. október sl., frumvarp til laga um breytingu á lögreglulögum, nr. 90/1996, með síðari breytingum, 173. mál, fækkun lögregluumdæma, aðskilnaður embætta lögreglustjóra og sýslumanna, hæfiskröfur. Umsögn þessi er samhljóða eldri umsögn félagsins, dags. 31. júlí sl., vegna frumvarps sem lagt var fram á 140. löggjafarþingi, 739. mál. Þá byggir umsögnin að nokkru á fyrri umsögn félagsins, dags. 23. maí 2011, sem og á umsögn ríkissaksóknara, dags. 23. maí 2011, vegna eldra frumvarps um breytingu á lögreglulögum sem lagt var fram á 139. löggjafarþingi, 753. mál.

1. – 2. gr.

Engar athugasemdir.

3. gr.

Um 1. mgr.:

Ákærendafélag Íslands styður þá breytingu að stjórnun lögreglu og ákæruvalds verði skilin frá embættum sýslumanna og að lögregluumdæmum verði fækkað og þau gerð stærri (fjölmennari) eins og stefnt er að með frumvarpinu. Félagið leggur hins vegar áherslu á að þess verði gætt að nægjanlegum fjármunum verði veitt til lögregluembættanna svo unnt verði að halda uppi viðunandi þjónustustigi við almenning.

Samkvæmt lögum um meðferð sakamála nr. 88/2008 og lögum um embætti sérstaks saksóknara nr. 138/2008, sbr. síðari breytingar, þá er skipulagi ákæruvalds í landinu háttað með þeim hætti í dag, og verður svo áfram verði frumvarpið að lögum, að lögreglustjórar fara með ákæruvald í öllum þeim málaflokkum sem ekki heyra undir ríkissaksóknara og sérstakan saksóknara. Um er að ræða mikinn fjölda sakamála sem að lögum teljast ekki vera sérstaklega stórfelld eða alvarleg. Það leiðir af fækkun lögregluumdæma, eins og lagt er til með frumvarpinu, að með því er jafnframt verið að leggja til fækkun á þeim stjórnarsýslustofnunum sem fara með ákæruvald í landinu. Með þessu er verið að einfalda skipulag ákæruvaldsins og færa það nær skipulagi héraðsdómstólanna. Telja má að með þess háttar breytingu skapist skilyrði til að efla „einingarnar“ og gera þær betur í stakk búnar að takast á við lögbundin verkefni svo að almenningur í landinu njóti góðs af. Fram að þessu hafa ákærendur utan höfuðborgarsvæðisins og á Suðurnesjum, sem sýslumenn og í einhverjum tilvikum löglærðir fulltrúar sýslumanna, sinnt störfum ákærenda (hlutastörf) samhliða öðrum störfum hjá viðkomandi sýslumannsembættum með takmörkuðum málafjölda sakamála borið saman við stærri embættin á suðvesturhorni landsins og á Akureyri og á Selfossi. Með fækkun og stækkun lögregluumdæma og stofnun sérstakra lögregluembætta, með aðskilnað frá sýslumannsembættum, þá safnast málafjöldinn upp á færri „einingar“ og skilyrði skapast til að auka sérþekkingu ákærenda innan embættanna og gera störf þeirra eftirsóknarverðari, fjölbreyttari og faglega meira krefjandi. Þess háttar áhrif eru til þess fallin að draga úr

starfsmannaveltu og festa í sessi þekkingu og reynslu innan embættanna. Þá ætti fækkun þeirra „eininga“ sem fara með ákærvald að vera til þess fallin að einfalda mjög eftirlit ríkissaksóknara og gera það raunhæfara eins og því er háttað í dag.

Um 2. – 8. mgr.:

Engar athugasemdir.

4. gr.

Um a-lið:

Lagt er til að málsliðurinn verði svohljóðandi: „Ráðherra setur, samkvæmt tillögu ríkissaksóknara, nánari reglur um starfrækslu rannsóknardeilda, stjórn lögreglurannsóknar og samvinnu lögreglustjóra við rannsóknir sakamála.“ Vísast til umsagnar ákærendafélagsins vegna hins eldra frumvarps þar sem eftirfarandi kemur m.a. fram:

„Ríkissaksóknari er yfir öllu rannsóknarvaldi í landinu. Hann getur mælt fyrir um rannsóknir, að þær fari fram, að hverju þær beinast og hvort þeim skuli hætt, sbr. 3. mgr. 21. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008. Ákærvaldið varðar miklu að gæði rannsókna sakamála sé fullnægjandi og skiptir það meiru máli en hugsanlegt hagræði lögreglustjóra af því að setja slíkar rannsóknir í hendur almennra lögreglumanna með mismikla getu og reynslu af rannsóknum. Frumvarpið gerir ekki fullnægjandi grein fyrir fyrirkomulagi rannsókna. T.d. er ekki kveðið á um að rannsóknardeildir skuli starfa innan lögregluembættanna. Virðist koma til greina að rannsóknir séu einhvers konar aukastarf almennrar löggæslu. Nauðsynlegt er að tryggja með betri hætti aðkomu ríkissaksóknara að fyrirkomulagi rannsókna.“

Þá vísast einnig til umsagnar ríkissaksóknara vegna hins eldra frumvarps þar sem eftirfarandi kemur m.a. fram:

„Ríkissaksóknari telur það mjög varhugavert að ekki sé kveðið nánar á um það í lögnum hvernig rannsókn sakamála skuli háttað og þar með að fella alveg út ákvæðið um starfrækslu rannsóknardeilda. Í athugasemdum við ákvæðið segir m.a. að sú skipan að fela sérstökum rannsóknardeildum innan 8 lögregluembættanna rannsókn alvarlegri og stærri brota þannig að brot framin í einu umdæmi geti sætt rannsókn rannsóknardeildar úr öðru umdæmi, hafi ekki gefist vel að öllu leyti og nú sé gert ráð fyrir að meginreglan verði sú að rannsókn fari fram í því umdæmi þar sem brot er framið. Ekki er gerð grein fyrir því að hvaða leyti skipan rannsóknardeilda sem slíkra hafi ekki gefist vel.

Ríkissaksóknari leggur áherslu á að rannsóknir alvarlegra og umfangsmeiri sakamála, t.d. nauðgunarmála, kynferðisbrota gegn börnum eða fjármunabrota, verða engan veginn samþættar almennu lögreglustarfi eins og ráðið verður af tédum athugasemdum. Rannsóknir sakamála eru að jafnaði sérhæfð og eftir atvikum vandasöm störf lögreglu og miklu skiptir að vandað sé til slíkra verka. Það getur valdið alvarlegum sakarspjöllum ef ekki er rétt staðið að rannsókn sakamáls, t.d. ef mistök verða við rannsókn með þeim afleiðingum að brot upplýsist ekki eða að rannsókn máls sé svo áfátt að því verður vísað frá dómi. Þá er nauðsynlegt að tryggja að samræmis sé gætt á landsvísu varðandi fyrirkomulag á rannsóknum sakamála, og er eðlilegt að löggjafinn komi að því [með lagasetningu]. Að mati ríkissaksóknara er rannsóknum sakamála að jafnaði best fyrirkomið í sérstökum rannsóknardeildum þar sem þeim er sinnt af lögreglumönnum sem fengið hafa viðeigandi þjálfun og reynslu af rannsóknum sakamála undir faglegrri stjórn ákærenda eins og verið hefur fram að þessu. Því telur

ríkissaksóknari nauðsynlegt að skýrt sé kveðið á um í lögum, að rannsóknardeildir skuli starfræktar hjá lögreglustjórum og þær fari með rannsóknir sakamála.“

Um b-lið:

Lagt er til að 2. mgr. 8. gr. falli ekki brott eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu en málsgreinin orðist með svofelldum hætti: „Hjá lögreglustjórum skulu starfræktar rannsóknardeildir sem annist rannsóknir sakamála.“ Til skýringar vísast til framan- greindra athugasemda varðandi a-lið.

Þá er lagt til að 5. mgr. 8. gr. falli ekki brott eins og lagt er til í frumvarpinu og ákvæðið standi áfram óbreytt í lögum. Telja má að það sé skynsamlegt að áfram verði til staðar heimild í lögum svo staðbundnum lögreglustjórum verði unnt, að höfðu samráði við innanríkisráðherra og ríkislögreglustjóra, að bregðast við ógn, tímabundinni eða varanlegri, vegna skipulagðrar glæpastarfsemi og/eða hugsanlegri ógn af hryðjuverka- starfsemi. Telja má að það sé til þess fallið að styrkja baráttuna við þess háttar glæpastarfsemi að greiningardeild starfi í nálægð og náinni samvinnu við almenna lögreglu og/eða rannsóknardeildir innan einstakra umdæma staðbundinna lögreglustjóra og lúti sömu yfirstjórn, t.d. á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum. Breyting til hins gagnstæða, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, er til þess fallin að veikja starfsemi lögreglu og ákærvalds og draga úr öryggi gagnvart almenningi. Þá er hin fyrirhugaða breyting illa rökstudd í athugasemdum með frumvarpinu og samrýmist illa markmiðum lögregluvalda um að uppræta skipulagða glæpastarfsemi sem talin er hafa skotið rótum hér á landi, einkum á höfuðborgarsvæðinu (skipulögð fikniefnadreifing, vændi, alvarleg fjármunabrot o.fl.).


5. – 12. gr.

Engar athugasemdir.

Bráðabirgðaákvæði I - III.

Engar athugasemdir.

Fyrir hönd Ákærendafélags Íslands,



Jón H. B. Snorrason, formaður